

Ed.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1959 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1958, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1959, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1959, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1959 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar.
Álögin á innflutningjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu ákvæða um sama efni, sem nú eru í lögum nr. 92/1957.